

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2024 er til 15. október n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2024.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á “Mitt Lán” sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðsins.

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd